

Leiðbeiningar um uppsetningu á lokaskýrslu Nýsköpunarsjóðs námsmanna

- Skilgreina efni og hugtök – hvaða spurningum á að svara – af hverju varð þetta efni fyrir valinu? Hvert er nýsköpunargildi þess?
 - Rökstyðja mál sitt, skýra réttmæti raka sinna og staðfesta sannleiksgildi þeirra.
 - Velta fyrir sér mótrökum.
 - Vísa í heimildir þar sem við á.
 - Undirskrift leiðbeinanda og nemanda. (sjá eyðublað: Yfirlýsing umsjónarmanns)
-
- Lokaskýrslu skal skila í formi ritgerðar eða rannsóknarskýrslu

Ritgerð:

- **Útdráttur:** Um 100 orð þar sem efni ritgerðarinnar eru tíunduð.
- **Inngangur:** Efnið kynnt, hvers vegna þetta efnisval, hvað komi fram í meginmáli.
- **Meginmál:** Hugmyndir og kenningar útlistaðar og ræddar.
- **Niðurstöður:** Aðalatriðin dregin saman og niðurstaða útskýrð.
- **Heimildaskrá.**

Rannsóknarskýrsla:

- **Útdráttur:** Um 150 orð þar sem helstu upplýsingar um rannsóknina koma fram.
- **Inngangur:** Segja frá öðrum rannsóknum sem tengjast efninu og hvernig þessi mun varpa nýju ljósi á hlutina, tilgátur settar fram og útskýrðar.
- **Aðferð:** Skýra nákvæmlega frá því hvernig rannsóknin var gerð, skipt í undirkafla eftir því sem við á: Þátttakendur, efni og áhöld/áreiti, tæki, rannsóknarsnið og framkvæmd.
- **Niðurstöður:** Gerð grein fyrir niðurstöðum með myndum, gröfum, skýringarmyndum og/eða tölfræðinni sem notuð var og þá út frá tilgátunum.
- **Umræða:** Stóðust tilgáturnar? Kom eitthvað áhugavert í ljós sem ekki tengdist tilgátunum? Hvaða ályktarnir er hægt að draga af niðurstöðunum? Passar þetta við niðurstöður úr fyrri rannsóknum? Fór eitthvað úrskaiðis? Hvernig væri hægt að sanna eða afsanna þínar niðurstöður með öðrum aðferðum? Kynnið kosti/galla aðferðar sem notuð var.
- **Heimildaskrá.**